

Umsögn Fljótsdalshrepps um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð.

Vísað er til umsagnar Fljótsdalshrepps dags. 12.08 2019 um textadrög nefndar er vann að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, varðandi afstöðu Fljótsdalshrepps um ýmis atriði er fram koma í frumvarpi um Hálendisþjóðgarð.

Sveitarstjórn telur ekki hafa verið færð rök fyrir nauðsyn þess að stofna þjóðgarð á miðhálandi Íslands, sem taki til yfir 30 % landsins og lýsir yfir andstöðu við að hálendisþjóðgarður verði stofnaður í þeirri mynd sem frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð gerir ráð fyrir.

Í frumvarpsdrögunum hefur ekki verið komið á móts við áhyggjur sveitarfélaga varðandi skerðingu á skipulagsvaldi þeirra og liggur fyrir að það mun skerðast verði hálendisþjóðgarður að veruleika í þeirri mynd sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í frumvarpi um Hálendisþjóðgarð er þjóðgarðurinn afmarkaður með þeim hætti að innan hans verði þjóðlendur innan miðhálandislínu. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps er alfarið á móti því að mörk Hálendisþjóðgarðs verði með þeim hætti í Fljótsdalshreppi og vísar til fyrri umsagna um að komi til stofnunar hálendisþjóðgarðs miðist mörk hans í Fljótsdalshreppi við mörk Vatnajökulsþjóðgarðs og að ekki verði hróflað við þjóðlendum í Fljótsdalshreppi, hvað það varðar að færa þær eða hluta þeirra undir Hálendisþjóðgarð.

Með því að stofna hálendisþjóðgarð á þjóðlendum er ennfremur gengið á rétt sveitarfélaga þar sem gert er ráð fyrir að lög um Hálendisþjóðgarð gangi framur þjóðlendulögum. Sterklega er varað við að þau áform gangi eftir.

Sveitarstjórn minnir á afnot bænda af hálandi Íslands frá fornu fari og varar við því að þrengt verði að þeim s.s. lagt bann við sauðfjárbreit eða takmarkaður aðgangur að þeim gæðum. Slíkt getur hæglega haft neikvæð áhrif á byggð í hinum dreifðari byggðum landsins

Í frumvarpi því sem fyrir liggur er gert ráð fyrir að með ýmsum takmörkunum verði heimilt að starfrækja innan Hálendisþjóðgarðs þær virkjanir og háspennulínur sem eru í rekstri, en aðeins megi heimila nýjar virkjanir í Hálendisþjóðgarði á afmörkuðum virkjanasvæðum, hafi hin nýja virkjun verið skilgreind í orkunýtingarflokki Rammaáætlunar. Fram kemur í frumvarpinu að orkunýtingarsvæði verði afmörkuð innan þjóðgarðsins og það gert með reglugerð. Með því fyrirkomulagi er ráðherra fært vald til að afmarka þau svæði, án þess að nokkuð komi fram í frumvarpinu með hvaða hætti þau verði afmörkuð. Varðandi svo afdrifaríkar ákvarðanir er snúa að orkumálum þjóðarinnar telur sveitarstjórn að fleiri þurfi að koma að málum og undirbúa þurfi málið betur áður en ákvörðun um hvort stofnaður verður hálendisþjóðgarður verður tekin. Eins má benda á að í frumvarpinu kemur fram að nýjar háspennulínur í lofti verði ekki leyfðar innan þjóðgarðs á miðhálandinu. Að mati sveitarstjórnar er afar óráðlegt að ákveða með slíkt, þegar fyrir liggur að raforkukerfi landsins þarfnast uppbyggingar og ekki hefur verið til lykta leitt með hvaða hætti best verði staðið að því að tryggja öllum landsmönnum og byggðum öruggt rafmagn.

Þá minnir sveitarstjórn á þá afstöðu sína að í mögulegum hálendisþjóðgarði eigi að gera ráð fyrir hálendisvegum milli landshluta s. s. vegi norðan Vatnajökuls sem tengi saman NA-land og Austfirði

með heilsársvegi og að til framtíðar lítið má búast við að svæði sem í dag eru óbyggileg og jökulum hulin á hálendinu, verði af völdum hlýnunar byggileg og möguleg landnýting önnur en nú.

Ekki er sjáanlegt að nægjanlegt fjármagn hafi verið tryggt til reksturs og uppbyggingar á innviðum Hálendisþjóðgarðs. Bent hefur verið á að þeir þjóðgarðar sem fyrir eru hafi ekki nægjanlegt fjármagn til reksturs og mikið starf þar óunnið við uppbyggingu innviða.

Mikið vantar upp á að aðgengi að og innan þjóðgarða sé tryggt. Fjármagni hefur ekki verið veitt til uppbygginga vega og slóða a.m.k hvað varðar Vatnajökulsþjóðgarð. Einnig hefur viðhald slíkra mannvirkja sem fyrir eru reynst erfitt eða ómögulegt þar sem aðgengi að efnisnánum er lítið eða ekkert, nema þá í langri fjarlægð frá viðkomandi vegum/slóðum á hálendinu. Mikið betur þarf að standa að þessum málum en verið hefur, veita þjóðgörðum fjármagn til samgöngumannvirkja og viðhalds þeirra og tryggja aðgang að efni til uppbyggingar og viðhalds. Komi til stofnunar Hálendisþjóðgarðs verði eitt af markmiðum að tryggja aðgengi að og innan þjóðgarðs.

Það stjórnarfyriðkomulag sem fyrirhugað er byggir að talsverðu leyti á stjórnarfyriðkomulagi Vatnajökulþjóðgarðs sem nokkur reynsla er komin á. Nú er þó m.a. lagt til að forstjóri óstofnaðrar þjóðgarðastofnunar fari með stjórn þjóðgarða þ.a.m. Hálendisþjóðgarðs og framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs aflagður, einnig taki umdæmisráð yfir hlutverk svæðisráða.

Því miður er ekki svo að sjá að brugðist hafi verið áherslum fjölmargra aðila þ.a.m. sveitarfélaga sem land eiga að þjóðgörðum, um að eðlilegt sé að stjórn og umsýsla þjóðgarða sé á landsbyggðinni, heldur er með framlögðu frumvarpi um Hálendisþjóðgarð og frumvarpi um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, tryggð stjórnarsýsla slíkra mála á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps finnst mjög miður að svo sé, þar sem tækifæri fælust í styrkingu byggða, ef horft væri til þess að uppbygging stjórnarsýslu og faglegra starfa í Hálendisþjóðgarði væri að fullu staðsett á landsbyggðinni, í nágrenni þjóðgarða og þar fari ákvarðanatáka einnig fram.

Það er niðurstaða sveitarstjórnar að enn eigi vinna eftir að eiga sér stað áður en að tímabært verður að stofna hálendisþjóðgarð sem sátt verður um.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps leggur til að frumvarp um Hálendisþjóðgarð í þeirri mynd sem það er nú í verði lagt til hliðar.

f.h. sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps,

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti